

# Fréttapistill frá forseta Íslands

5. apríl 2021

Ég vona að landsmenn hafi notið páskahelgarinnar. Í nýliðinni dymbilviku bar fátt til tíðinda í mínum embættisstörfum, ekki síst vegna þeirra hamla á mannamót og annarra brýnna sóttvarna sem við þurfum nú að þola í þágu heilsu og samfélags. Héðan frá Bessastöðum er þess þó að geta að margæsir eru komnar sunnan úr álfunni, nokkrum dögum fyrr en í fyrra. Kannski veit það á gott um ljúft sumar. Margæsin flýgur hingað frá Írlandi og hefur hér viðdvöl fram í mailok, þá flýgur fuglinn áfram til varpstöðva á heimskautaslóðum í Kanada. Sumarið 2018 gerðist það hins vegar í fyrsta sinn, svo vitað sé, að margæs verpti á Íslandi, og þá hér á Bessastaðanesinu. Fróðlegt verður að sjá hvort sú verður raunin á ný í sumar.

Á páskadag flutti ég ávarp í Ríkissjónvarpinu og má lesa það og sjá hér: [www.forseti.is/fréttir/2021-04-04-ávarp-forseta-islands/](http://www.forseti.is/fréttir/2021-04-04-ávarp-forseta-islands/). Ég vék meðal annars að eldgosinu í Geldingadöllum, lofaði björgunarsveitir og lögreglu fyrir þeirra góða framtak við að tryggja leiðir fólks og öryggi á vettvangi. Ég lýsti einnig þeirri von að fólk gengi vel um á gosslóðum, eins og annars staðar í guðsgrænni náttúrunni.

Annars ræddi ég einkum um sóttvarnir í ávarpinu og þá samstöðu sem við höfum blessunarlega sýnt í verki. Stundum þarf fólk að þola sitthvað í þágu heildarhagsmuna. Í máli mínu sagði ég meðal annars: „Valdhafar, sérfræðingar og aðrar manneskjur hafa gert sín mistök í þessari sögu allri, skárri væri það nú. Hitt er þó alveg víst: Þjóðareining um sameiginlegar sóttvarnir hefur dugað okkur vel, seiglan sömuleiðis. Sundurlyndi og vonleysi hefði ekki skilað þeim árangri sem við getum nú unað við. Mætti fólk um víða veröld velja sér skjól frá hinni skæðu veiru yrði Ísland ofarlega á slíkum lista. Þeirri staðreynd má fagna.

Höldum því áfram á braut samstöðu. Missum ekki móðinn og lærum af reynslunni, reynum ætíð að gera betur. Þegar saga þessa faraldurs verður skráð verður lærdómurinn vísast sá að mestu skipti að fólk sinni sem best eigin sóttvörnum, að allur almenningur fallist á rök vísindafólks um nauðsynlegar aðgerðir, að stjórnvöld fylgi sem mest ráðum sérfróðra, að sannfæring ráði en ekki valdboð, að hið opinbera og einkaframtak styrki hvert annað, að við vinnum með vinaþjóðum en reiðum okkur líka á eigin atgervi, að tryggt sé að gloppur opnast ekki í vörnum okkar við landsteinana. Þetta vitum við hér heima, út frá öllu því sem vel gekk og hinu sem hefði verið hægt að gera enn betur.“

Að kvöldi páskadags var sýnt á Hringbraut samtal okkar Jóns G. Haukssonar í nýrri sjónvarpsþáttaröð hans, Leiðtoginn. Hér er hlekkur á heimasíðu Hringbrautar: <https://hringbraut.frettabladid.is/.../gudni-th-johannesson/>

Að lokum nefni ég að því miður hafa færslur birst á fésbók að undanfögnu þar sem ég er sagður bjóða fólki þátttöku í einhverjum leikjum, með von um ágóða ef vel gangi. Allt af þessu er tagi er svik og prettir og ég hvet öll til að tilkynna þennan ófögnuð eins og hægt er að gera á fésbók.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.